

Erindi nr. P / 36 / 2374
komudagur 28.4.2008

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2008 02-2008040837
T-ums 16/08

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum - 515. mál - aðgerðir í tengslum við kjarasamninga

Ríkisskattstjóri hefur þann 14. apríl 2008 móttengið bréf yðar dagsett 10. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, - 515. mál, þskj. 816.

Tilfni frumvarpsins er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar sl. í tengslum við kjarasamninga. Lagt er til með frumvarpinu að persónuafsláttur hækki um samtals kr. 84.000 á ársgrundvelli umfram almenna verðuppfærslu. Þá er lögð til lækkun á tekjuskattshlutfalli lögaðila. Í þriðja lagi er lagt til að tekjumörk til skerðingar barnabótum hækki og að skerðingarhlutföll vegna annars og þriðja barns verði lækkuð. Í fjórða lagi kveður frumvarpið á um hækkun á eignarviðmiðunum vaxtabóta um 35%. Í fimmta lagi er að finna tillögu um breytingu á ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, í þá átt að gengismun verði dreift með jafnri fjárhæð á þrjú reikningsár og að afdráttarskattur af arðgreiðslum til erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu verði lækkaður í 10% til samræmis við innlenda aðila.

Ríkisskattstjóri telur ekki ástæðu til að gera athugasemd við efni frumvarpsins. Athuga ber þó að samkvæmt gildistökuákvæði frumvarpsins er lagt til að breytingar sem kveðið er á um í b- og c-lið 4. gr. öðlist gildi 1. janúar 2008 og komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2008 vegna tekna og eigna á árinu 2007. Að mati ríkisskattstjóra þarf að hafa hraðar hendur við afgreiðslu frumvarpsins eigi þetta að nást þar sem breyta þarf forsendum í álagningarkerfi ríkisskattstjóra í tæka tíð.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra

Jarpr. Hanna Jch.
Jarprúður H. Jóhannsdóttir

Guðrún J. Jónsdóttir